

1405135

ORLOF HÚSMÆÐRA
ÁRNES- OG RANGÁRVALLASÝSLU


Til Sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu.

22 .apríl 2014

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof, sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf. Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð”.

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda félagmálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum. Með bréfi þessu er skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt reikningi fyrir árið 2013.

Með virðingu og kveðju


Guðbjörg Guðmundsdóttir
gjaldkeri nefndanna

Afrit af bréfi sent til:

*Kvenfélagasambands Íslands
Sambandi Sunnlenskra sveitarfélaga
Samband Sunnlenskra kvenna
Velferðarráðuneytið*

ÁRBORG	
Bmr: 10.0	Món: 5/5 '14
Ábm: T. G.	Mnr: 1405135

ORLOF HÚSMÆÐRA

ÁRNES-OG RANGÁRVALLASÝSLU

Rekstrarreikningur 2013

	<u>GJÖLD</u>	<u>TEKJUR</u>
Ritföng, póstgjöld og símakostn.	10.663	
Spilavist, Bingó	25.267	
Auglýsingar	92.252	
Orlofsferð Mýrdal og Vestmannaeyjar	1.188.900	
Orlofsdvöl á Flúðum	1.909.600	
Akstur með orlofskonur	383.000	
Sigling með Herjólf	63.420	
Geitt með konum með öðrum orlofum	125.000	
Fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld	19.615	
Frá sveitarfélögum		1.873.321
Konur greiða fyrir ferð Mýrdal		630.000
Konur greiða ferð Flúðum		858.000
Greitt fyrir konur frá Reykjavík árin 2012/2013		55.000
Greitt fyrri konu frá Keflavík		33.000
Vextir og verðbætur		87.236
<u>HEILDAR GJÖLD OG TEKJUR</u>	3.817.717	3.536.557
<u>Rekstrartap</u>		281.160
	3.817.717	3.817.717

EFNAHAGSIKNINGUR 31.12. 2013

EIGNIR:

Minningarsjóður Halldóru Guðm. Nr.380945	259.732
Markaðsreikningur nr.300902	2.219.161
Tékkareikningur nr. 175	39.675
Í sjóði hjá gjaldkera	15.915

EIGNIR ALLS:

2.534.483

EIGIÐ FÉ:

Höfuðstóll frá fyrra ári	2.815.643
Rekstrartsp	281.160

EIGIÐ FÉ ALLS:

2.534.483

10.4.2014

Guðbjörg Guðmundsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir

Gjaldkeri.

15 4 20

Hef yfirtarid reikninginn einsamt fylgjislega
og tel kann rettarn
Ragnantus Alfreðsd.

Orlofsferð húsmæðra dagana 27. -30.júní 2013.

Lagt var af stað frá Selfossi kl.14.00 með viðkomu á Hellu og Hvolsvelli.

Komum við í Gamla fjósinu á Hvassafelli í leiðinn og fengum okkur kaffi og köku. Á hóteli Dyrhólaey vorum við komnar kl 15.00. Komum okkur fyrir í finum herbergjum og slökuðum á. Fengum svo mjög góðan kvöldmat. Síðan var frjálst spjallkvöld. 26 konur voru mættar..

28.júní. Það var búið að plana að fara til Vestmannaeyja, en það var smá óvissa hvort ferjan kæmist vegna of mikillar ölduhæðar,, en svo kom staðfesting um ferð,,svo það var farið af stað kl. 8.00 ferðin gekk mjög vel,,smá veltingur en við stigum bara ölduna.Við sáum einn höfrung stökkva framan við skipið. Hann fór ekki í skrúfunu sem betur fer. Við fengum leiðsögumann í rútuna til okkar sem heitir Hávarður Sigurðsson,hann sagði vel frá um ýmislegt í sambandi við Eyjarnar gosið og fleira..

Fórum síðan í góða humarsúpu hjá ,, Einsa kalda í Eyjunum,, Svo var frjáls tími fyrir búðarráp og fleira fram að heimferðinni. Gott veður var allan daginn,,betra en við áttum von á. Komum heim á hóteli í kvöldmatinn, sem var kærkominn eftir langan góðan dag.

29. júní. Fórum ekki snemma á fætur í morgunn,bara rólegar eftir gærdaginn.

Kl, 11.00 var lagt af stað í austurátt komum við í Víkurprjón eins og venjulega þegar farið er þarna um,það þarf að kaupa sokka og fleira. Síðan var farið inn á Höfðabrekkuheidiðna og inn í Þakgil sem er mikil náttúruperla. Þar var borðað nesti í hellinum sem er þar,við settum logandi kerti upp um alla vegg,þannig að þetta var mjög flott og kósý... Leiðsögumaðurinn okkar í dag var Sigbór Sigurðsson í Litla-Hvammi, hann fór með okkur um Víkurþorpið... í Heiðardalinn, Reynishverfið og upp á Dyrhólaey. Það er alltaf fróðlegt að hafa einhvern til að segja frá því sem maður veit ekki. Veðrið var gott allan daginn,,svo var veislumaturlag um kvöldið ,síðan var setið og spjallað og haft gaman fram eftir kvöldinu.

30.júní. Vöknuðum í rólegheitum,pökkuðum saman og lögðum af stað heim á leið kl.11.00 með viðkomu á ýmsum stöðum. Kíktum á Sólheimajökul, Skógafoss, Seljalandsfoss. Síðan lá leiðin um Fljótshlíðina að Hellishólum þar sem við fengum súpu og brauð. Kíktum í Sögusetrið á Hvolsvelli,á málverkasýningu Álfheiðar Ólafsdóttur ,síðan á Njálurefilinn sem ótrúlega vel gengur að sauma. Þar með endaði þessi ferð alltaf er gott þegar allir hlutir ganga upp og allir koma hressir heim, vonandi bara betri.

Ritari: Halldóra Ólafsdóttir.

Snú ->

Orlof húsmæðra á Hótel Flúðum 29.sept.- 4.okt. 2013.

29.sept.

Mættum hressar og kátar að Hótel Flúðum kl 15.00.. Komum okkur vel fyrir í góðum herbergjum, borðuðum góðan mat og áttum rólegt spjallkvöld. 31 kona mætti, nokkuð fleiri en síðast. Vöknuðum í rigningu en góðviðri, og það stytta ekki upp allan daginn. Það var bara þrjónað og saumað og gert það sem hverja og eina langaði til. Eftir kvöldmat var síðan spiluð félagsvist á fjórum borðum og góð verðlaun veitt í lokin.

30.sept.

Næsta dag var boðið upp á rútuferð um næstu sveitir. Fórum fyrst í Hrunakirkju þar sem séra Eiríkur tók á móti okkur og sagði frá staðnum, það var gaman að hlusta á það. Kíktum á Hrunaréttir. Þaðan fórum við að Friðheimum þar sem við vorum fræddar um flugur og frævun, tómata og gúruræktun o.fl. Síðan fengum við tómatasúpu og brauð, mjög gott allt saman. Næsti staður var Bjarkarhóll þar sem við fengum okkur garn o.fl. Næst var farið í Haukadalskirkju þar tók á móti okkur séra Egill prestur í Skálholti, hann sagði okkur frá staðnum sem var gaman að hlusta á. Komum heim á hótél og borðuðum góðan kvöldmat og áttum síðan gott spjall og þrjónakvöld.

Þá var kominn 2.okt. Dagurinn rólegur enn rigndi, sumar fóru í göngu aðrar í bíltúr. Bingó var svo spilað kl.16.00. Það var 100% mæting á það og veglegir vinningar veittir. Kvöldmat og rólegt kvöld.

Rólegur dagur, loksins stytta upp og sólin fór að láta sjá sig. Röltum í gallerý sem er þarna skammt frá, um kvöldið var 3ja rétta veislumatur, stjórn SSK var boðið að vera með okkur, þær komu allar. Smá kvöldvaka var eftir mat, brandarar lesnir, harmonikkuleikur og söngur með gítarundirleik. Þannig lauk þessu orlofi, svo var farið heim daginn eftir, vonandi allar ánægðar.
Halldóra Ólafsd. ritari.